

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal 2017

haldinn á Skjöldólfssstöðum, sunnudaginn 23. apríl kl. 14.

Dagskrá:

1. Erindi gesta fundarins:
 - Erindi Þrastar Elliðasonar, fyrirsvarsmanns Strengja ehf. leigutaka.
 - Erindi Sindra Óskarssonar, stöðvarstjóra hjá Landsvirkjun
 - Erindi Guðna Guðbergssonar, sviðsstjóra hjá Veiðimálastofnun.
2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum
3. Skýrsla stjórnar
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu og reikninga
6. Fjárhagsáætlun næsta árs
7. Breytingar á samþykktum félagsins
8. Kosningar:
 - a. Kosning 2ja stjórnarmanna til þriggja ára
 - b. Kosning 3ja varamanna til eins árs
 - c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs.
 - d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara. Nefndin hafi það hlutverk að fara yfir atkvæði fundarmanna og umboð, á veiðifélagsfundum.
 - e. Kosning arðskrárnefndar. Fimm aðalmenn og tveir til vara. Nefndin hafi það hlutverk að vinna að gerð arðskrár.
9. Afgreiðsla arðskrár
10. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 14.15 og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði grein fyrir smávægilegum breytingum á boðaðri dagskrá. Hann gerði tillögu um starfsmenn fundarins: Jón Guðmundsson sem fundarstjóra og Skúla Björn Gunnarsson sem ritara. Fundurinn samþykkti það. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Gengið var til dagskrár.

1. Erindi gesta

Þróstur Elliðason Strengjum

Þróstur fór yfir veiðitölur og sleppingar frá sumrinu 2016. Veiðiárið var sæmilegt miðað við annars staðar á Norðausturhorninu. Hann fór síðan yfir veiðisvæðið frá ósum og upp úr í veiði og sleppingum og tók Fögruhlíðarána með. Einnig nefndi hann endurbætur í Hálsakoti til að bæta aðstöðu veiðimanna. Veiði á bleikju hefur heldur dottið niður en að öðru leyti er þróun veiði í Jöklu og þverám góð. Yfirfallið kom 22. ágúst og veiði var góða dagana fyrir það svo að gera má ráð fyrir að veiðitölur hefðu orðið töluvert hærri ef að það hefði komið seinna. Stærðardreifing í laxi var á síðasta ári í Jöklu eins og annars staðar á landinu, lítið af smálaxi en meira af stærri fiski en önnur ár. Á vatnasvæðinu er búið að sleppa hátt í 900 þús. seiðum frá upphafi og heimtur eru um 0,5%. Kostnað við þessar seiðasleppingar sagði Þróstur vera um 100 m.kr. en þessar seiðasleppingar stæðu að baki laxveiðinni því að það tæki langan tíma að gera svæðið sjálfbært.

Þróstur fór yfir horfur fyrir árið 2017. Hann telur miklar líkur á að laxveiðin verði góð en fyrst og fremst smálaxagöngur. Sjávarhiti og annað ætti að stuðla að því. Hins vegar liti ekki vel út með yfirfallið sem gæti komið tiltölulega snemma. Hvað varðar veiðileyfasöluna þá hefur hún ekki gengið vel. Brexit og gengi íslensku krónunnar hafa

þurrkað breska markaðinn út og enn gengur erfiðlega að fá íslenska veiðimenn af höfuðborgarsvæðinu austur á land. Þróstur sagðist vera að endurbyggja kúnnahópinn en ljóst að þetta sumar yrði niður á við í veiðileyfasölu. Seiðasleppingar ættu að verða með svipuðu móti en færi alltaf eftir því hvað kæmi upp úr kerjunum eftir klakið.

Sindri Óskarsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar og Kárahnjúkavirkjunar.

Sindri sagðist því miður ekki vera með mikið fagnaðarerindi hvað varðaði Háslón og yfirfall. Líkur á yfirfalli í lok júlí eru orðnar um 50% svo að útlit er fyrir að yfirfallið komi í fyrra fallinu í sumar. Til að létta brúnina á fundarmönnum sagði hann að það væri fyrst og fremst sumarið og hitinn sem réði því hvenær yfirfallið kæmi. Til dæmis hefðu á sama tíma 2015 verið 50% líkur á yfirfalli um miðjan ágúst en þá hefði yfirfallið komið seint um haustið.

Þorsteinn Gústafsson spurði um lekann á jökulvatni sem kæmi fram í Hrafnkelu. Sindri sagði að fylgst væri með því og sá leki virtist vera að minnka.

Aðalsteinn formaður sagði að stjórn veiðifélagsins myndi óska eftir fundi með Landsvirkjun þegar skýrsla frá Veiðimálastofnun yrði tilbúin. Á þeim fundi yrði reynt að ná samkomulagi um framhald á rannsóknunum og að samhliða þeim yrði farið að huga að mati á botni árinna til að gera kort sem nýta mætti í framtíðinni við mat á uppeldis- og hrygningarskilyrðum inn í arðskrá.

Erindi frá Guðna Guðbergssyni, Veiðimálastofnun

Guðni Guðbergsson boðaði forföll en sendi glærusýningu með helstu niðurstöðum úr rannsóknum síðasta árs. Skúli Björn tók að sér að fara í gegnum þær. Sumt var áður komið fram í erindi Þrastar og því farið hratt yfir sögu. Í kynningunni frá Guðna kom fram að árið 2016 var síðasta ár 5 ára samkomulags milli veiðifélagsins, Landsvirkjunar og Veiðimálastofnunar um rannsóknir á vatnasvæði Jöklu og lögð áhersla á mikilvægi samfellu í rannsóknum. Helstu niðurstöður í kynningunni voru þessar:

- Vatn í Jöklu er með hærri leiðni en hliðarárnar og hærra efst en neðst í vatnakerfinu og hærra en í hliðarárunum
- Þéttleiki villtra laxaseiða hægt vaxandi en breytilegur á milli svæða og ára líkt og búast má við
- Þéttleiki sleppiseiða einnig breytilegur og fer eftir fjölda seiða sem sleppt er og afdrifum þeirra
- Þéttleiki bleikjuseiða jókst til 2014 og 2015 en lækkaði 2016 – ástæður ekki þekktar
- Þéttleiki laxaseiða í Fossá er breytilegur og hluti seiða úr sleppingum
- Þéttleiki laxaseiða í Laxá langtum hærri en í Jöklu enn sem komið er
- Endurheimtur úr seiðasleppingum um 0,5% í veiði en hlutdeild villtra laxa er ekki þekkt síðustu ár
- Hlutfall laxveiði í Jöklu af vatnasvæðinu í heild hefur farið vaxandi
- Hlutfall laxa veitt og sleppt í Jöklu hefur farið vaxandi en lækkað á bleikju og urriða – ástæður óþekktar
- Líkur til að framleiðsla laxa og bleikju í Jöklu eigi eftir að aukast með stækkandi hrygningarstofnum tegundanna
- Tíðarfar hefur áhrif líkt og í öðrum ám auk áhrifa frá yfirfalli sem hefur einkum áhrif á nýtingu
- Yfirfallsvatn ekki eins mikill áhrifavaldur varðandi afkomu seiða og óttast var

Að loknum þessum dagskrárlið var tekið kaffihlé en fundi síðan framhaldið og tekið til við hefðbundin aðalfundarstörf. Fundarstjóri kannaði lögmati fundarins og enginn gerði athugasemdir við það.

9

2. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum

Sama atkvæðaskrá gildi á fundinum og fyrri aðalfundum félagsins, alls 74 atkvæði og hafði hún verið send út með fundarboði. Þorsteinn Gústafsson og Benedikt Ólason, fulltrúar kjörbréfanefndar, voru búnir að fara yfir umboð og mætingu. Þorsteinn kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar og fór yfir umboðin. Mættir á þennan aðalfund voru 26 manns með gestum. Atkvæði teljast 50, þar af eru skrifleg umboð 37, þeir sem greiða atkvæði eru samtals 22, sjá nánar fylgiskjal 1. Það þýddi að nákvæmlega 2/3 atkvæða innan félagsins voru til staðar, en 2/3 atkvæða atkvæðisbærra félagsmanna þarf til að samþykkja arðskrá og breytingar á samþykktum félagsins.

Skrifleg umboð sem kjörbréfanefnd höfðu borist og voru metin gild eru sem hér segir:

Skúli Björn Gunnarsson	umboð frá eiganda Litla-Bakka	1 atkv.
-	umboð frá ábúendum Aðalbóls	1 atkv.
Aðalsteinn Jónsson	umboð frá eiganda Klaustursels	1 atkv.
-	umboð frá ábúanda Smáragrundar	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Arnórsstaða 1 og 2	1 atkv.
-	umboð frá eigendum Mælivalla og Skuggahlíðar	2 atkv.
-	umboð frá eigendum Hnefildals 1 og 2	2 atkv.
-	umboð frá eigendum Teigasels 1 og 2	1 atkv.
Þórarinn Hrafnkelsson	umboð frá eigendum Gilja og Hróthamra	2 atkv.
-	umboð frá eigendum Sleðbrjóts I og II	2 atkv.
-	umboð frá eigendum Breiðumerkur I og II	2 atkv.
-	umboð frá eigendum Refshöfða & Skeggjastaða	2 atkv.
-	umboð frá ábúanda Arnarhóls	1 atkv.
Halla Eiríksdóttir	umboð frá eiganda Hákonarstaða I og III	2 atkv.
-	umboð frá eiganda Langagerðis&Arnórsst.sels	2 atkv.
Bragi S. Björgvinsson	umboð frá eiganda Hákonarst. II & Breiðalæks	2 atkv.
Guðmundur Ólason	umboð frá eiganda Hrólfstaða	1 atkv.
Stefán Halldórsson	umboð frá meðeigendum Brúar I og II	1 atkv.
Vilhjálmur Snædal	umboð frá meðeiganda Skjöldólfsstaða I	1 atkv.
Grétar Karlsson	umboð frá meðeigendum Grundar	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Vörðubrúnar	1 atkv.
Þorvaldur P. Hjarðar	umboð frá eigendum Laugavalla	1 atkv.
Hafliði P. Hjarðar	umboð frá eiganda Hjarðarhaga	1 atkv.
Rögnvaldur Ragnarsson	umboð frá meðeiganda Hrafnabjarga IV	1 atkv.
Gestur Hallgrímsson	umboð frá eiganda Mássels	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Hrafnabjarga II	1 atkv.
-	umboð frá eiganda Stórabakka	1 atkv.
-	umboð frá ábúanda Blöndugerði	1 atkv.

Ábúendur og/eða landeigendur á fundinum með atkvæði:

Þorsteinn Gústafsson	eigandi Geirastaða II	1 atkv.
Aðalsteinn Sigurðsson	ábúandi Vaðbrekku	1 atkv.
Sólrún Hauksdóttir	ábúandi Merki og Arnórsstaðaparti	2 atkv.
Benedikt Ólason	eigandi Gauksstaða	1 atkv.
Snæbjörn Ólason	eigandi Hauksstaða	1 atkv.
Jón Víðir Jónsson	eigandi Hvannár I og III	2 atkv.
Benedikt Arnórsson	ábúandi Hofteigi	1 atkv.
Agnar Benediktsson	ábúandi Hvanná II	1 atkv.
Hallgrímur Þórhallsson	ábúandi Skriðuklaustri	1 atkv.
Gestur Hallgrímsson	ábúandi Blöndubakka	1 atkv.
Bragi Steinar Björgvinsson	ábúandi Eiríksstöðum	1 atkv.

Engar athugasemdir gerðar við niðurstöðu kjörbréfanefndar.

3. Skýrsla stjórnar

Aðalsteinn Jónsson formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni síðastliðins starfsárs. Sjá nánar í fylgiskjal 2.

4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Dreift var ársreikningi félagsins, sjá fylgiskjal 3, en hann hefur verið undirritaður af skoðunarmönnum og stjórn. Skúli Björn gerði grein fyrir ársreikningnum fyrir árið 2016. Helstu niðurstöðurtölur eru þessar:

Rekstrartekjur	2.224.794 kr.
Rekstrargjöld	4.026.048 kr.
Fjármagnsliðir	157.419 kr.
Halli ársins	-1.643.835 kr.

Eigið fé í árslok 5.981.535 kr.

5. Umræður um skýrslu og reikninga

Litlar umræður urðu um skýrslu stjórnar og reikninga. Spurt var eftir kostnaði við arðskrárgerð og gerðu Skúli Björn og Þorsteinn Gústafsson grein fyrir því að hann væri fólgin í sérfræðivinnu Logg við að gera gagnagrunninn að baki arðskránni sem er þá eign veiðifélagsins. Fram kom að arðskrárnefnd hefði gefið alla sína vinnu. Að loknum umræðum bar fundarstjóri skýrsluna og ársreikninginn undir fundinn. Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs

Skúli Björn gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og fór yfir helstu skýringar á bak við hana, sjá fylgiskjal 4.

Helstu tölur úr fjárhagsáætlun eru:

Rekstrartekjur	2.350.000
Rekstrargjöld	2.270.000
Fjármagnstekjur	150.000
Rekstrarafgangur ársins	230.000

Eigið fé í árslok kr. 6.211.535

Athugasemdir gerðar við minkaveiðar sem í áætlun er gert ráð fyrir að kosti 500.000 kr. á árinu og skorað á stjórn að leita allra leiða til lækka kostnað við veiðarnar og láta sveitarfélagið taka meiri þátt í þeim. Einnig benti Halla Eiríksdóttir á að vart væri raunhæft að gera ráð fyrir leigutekjum upp á 2 m.kr. miðað við það sem fram var komið á fundinum um hvenær vænta má yfirfalls. Ekki var samt farið fram á breytingar á áætluninni. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða eins og hún var lögð fram.

7. Breytingar á samþykktum félagsins

Með fundarboði höfðu verið sendar tillögur um breytingar á samþykktum félagsins til samræmis við þær athugasemdir sem Fiskistofa gerði vegna ósamræmis samþykktu og arðskrár. Aðalsteinn formaður fór yfir þessar breytingar sem unnar hafa verið í samráði við Jón Jónsson lögmann. Þær varða fyrst og fremst upptalningu á jörðum/landareignum sem eiga aðild að veiðifélaginu. Sjá nánar í fylgiskjali 5.

Fundarstjóri bar breytingarnar undir fundinn lið fyrir lið. Kosið var með handauppréttingu þeirra 22 sem fóru með þau 50 atkvæði sem á fundinum voru.

a. Breyting á orðalagi í 2. gr.

Tillaga um að breyta *jarðir/landareignir í fasteignir*. Miklar umræður urðu um þessa orðabreytingu og þótti flestum hún skapa ósamræmi í samþykktunum og valda vafa. Að endingu bar Skúli Björn upp tillögu um að þessi tillaga um að nota orðið fasteignir yrði ekki notuð og fyrri orðalagi haldið. Var það samþykkt samhljóða.

b. Upptalning á jörðum/landareignum í Hróarstungu verði svohljóðandi:

Blöndugerði, Blöndubakki, Stóri-Bakki, Árbakki, Stóri-Bakki/Félagsrækt, Litli-Bakki, Hrærekslækur, Galtastaðir út, Geirastaðir II, Húsey I, Húsey II.
Samþykkt samhljóða.

c. Upptalning á jörðum/landareignum í Jökulsárhlíð verði svohljóðandi:

Eyjasel, Hólmatunga, Torfastaðir, Árteigur, Hnitbjörg, Bláeyri, Fagrahlíð, Hlíðarhús, Sleðbrjótssel, Mássel, Sleðbrjótur I, Sleðbrjótur II, Breiðamörk I, Breiðamörk II, Surtsstaðir, Hallgeirsstaðir, Vörðubrún, Hrafnabjörg I, Hrafnabjörg II, Hrafnabjörg III, Hrafnabjörg IV, Fossvellir I, Fossvellir II, Selland.
Samþykkt samhljóða.

d. Upptalning á jörðum/landareignum á Jökuldal verði svohljóðandi:

Valþjófsstaður, Aðalból, Vaðbrekka, Skriðuklaustur, Klaustursel, Merki, Arnarhóll, Arnórsstaðapartur, Gauksstaðir, Mælivellir, Skuggahlíð, Hnefilsdalur I, Hnefilsdalur II, Smáragrund, Skeggjastaðir, Refshöfði, Teigasel I, Teigasel II, Gil, Hríthamrar, Hauksstaðir, Hrólfstaðir, Hvanná I, Hvanná II, Hvanná III, Hofteigur, Hjarðargrund, Hjarðarhagi, Skjöldólfsstaðir I, Skjöldólfsstaðir II, Gilsá, Arnórsstaðir I og II, Arnórsstaðir III, Hákonarstaðir I, Hákonarstaðir II, Hákonarstaðir III, Langagerði, Breiðilækur, Grund, Eiríksstaðir, Brú I, Brú II og Laugavellir.
Samþykkt samhljóða.

e. Orðalagsbreyting í 6. gr. til samræmis við breytt stofnanaumhverfi

Landbúnaðarstofnun hefur verið lögð niður og tillaga um að setja inn *Fiskistofa* í staðinn.
Samþykkt samhljóða.

f. Orðalagsbreyting í 8. gr. til samræmis við gildandi reglugerð nr. 345/2014

Að aðalfund skuli *halda fyrir 1. júní* ár hvert í stað *eigi síðar en 1. júní*.
Samþykkt samhljóða

g. Orðalagsbreyting í 10. gr. til samræmis við gildandi reglugerð nr. 345/2014

Lagt til að málsgreinin hljóði svo: *Kostnað af starfsemi félagsins skulu félagsmenn greiða í því hlutfalli sem þeir taka arð*.
Samþykkt samhljóða.

Að lokum bar fundarstjóri samþykktirnar upp í heild sinni með áorðnum breytingum og voru þær samþykktar samhljóða með 50 greiddum atkvæðum. Enginn sat hjá og enginn greiddi atkvæði á móti.

8. Kosningar:

a. Kosning 2ja stjórnarmanna til 3ja ára

Fjórir gáfu kost á sér og gengið var til leynilegra kosninga. Kjörbréfanefnd annaðist úthlutun atkvæðaseðla og talningum með aðstoð talningarmanna.

Í framboði voru:

Skúli Björn Gunnarsson Litla-Bakka með skriflegu umboði eiganda jarðarinnar
Vilhjálmur Snædal Skjöldólfsstöðum I
Gestur Hallgrímsson Blöndubakka
Benedikt Ólason Gauksstöðum

Efstu tveir í kosningu til stjórnar urðu:

Skúli Björn Gunnarsson Litla-Bakka	45 atkvæði
Gestur Hallgrímsson Blöndubakka	32 atkvæði

b. Kosning 3ja varamanna til eins árs

Aðalsteinn Jónsson kom með tillögu um Benedikt Ólason sem fyrsta aðalmann, Lárus Brynjar Dvalinsson sem annan og Þorstein Gústafsson sem þriðja. Fundarstjóri lýsti eftir öðrum framboðum. Halla Eiríksdóttir gaf kost á sér en aðrir ekki. Aðalsteinn dró tillögu sína til baka og gengið var til kosningar. Allir félagsmenn í framboði auk Höllu þar sem ekki komu önnur framboð. Gengið til leynilegra kosninga sem fóru fram með sama hætti og kosning aðalmanna.

Flest atkvæði hlutu:

Halla Eiríksdóttir	45 atkvæði
Benedikt Ólason	24 atkvæði
Þorsteinn Gústafsson	20 atkvæði

c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs

Arnór Benediktsson og Jón Helgason kjörnir aðalskoðunarmenn áfram og Snæbjörn Ólason til vara.

d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara.

Í kjörbréfanefnd voru kosnir áfram: Hlíðar Eiríksson, Benedikt Ólason og Þorsteinn Gústafsson. Benedikt Arnórsson og Hallgrímur Þórhallsson kosnir til vara.

Aðalsteinn formaður tók til máls og benti á að kjörbréfanefnd þyrfti að fara í endurskoðun á atkvæðaskrá í ljósi breytinga á samþykktum og huga að því hvernig kosið væri eftir arðskrá ef að til þess kæmi.

e. Kosning arðskrárnefndar. Fimm fulltrúar og tveir til vara.

Í arðskrárnefnd voru kosnir áfram: Þorvaldur Pálsson, Lárus Dvalinsson, Gestur Hallgrímsson, Hallgrímur Þórhallsson og Þorsteinn Gústafsson. Ekki kosnir varamenn þar sem aðalfundurinn taldi ekki þörf á því.

9. Afgreiðsla arðskrár

Þorsteinn Gústafsson, formaður arðskrárnefndar, gerði grein fyrir athugasemdum sem komu frá Fiskistofu vegna arðskrár og ósamræmis milli arðskrár og samþykktar. Með fundarboði hafði verið send út uppfærð arðskrá, sjá fylgiskjal 6, og afrit af fundargerð arðskrárnefndar frá 10. apríl þar sem gerð er grein fyrir þeim litlu breytingum sem gera þurfti á arðskránni. Fyrst og fremst varðaði það jarðir með óskiptu útlandi þar sem rétt

pótti að skipta arði til helminga á milli tveggja fasteigna. Þá voru teknar inn jarðir sem voru með skráð núll í arðskránni eins og hún var samþykkt sl. haust. Þorsteinn sagði að eins og kom fram í útsendu fundarboði þá áskildi arðskrárnefnd sér rétt til að hnika til kommistöfum í arðskránni til að láta hana stemma upp á 8000 einingar en í útsendum gögnum er hún upp á 7999,8 einingar.

Eftir útlistingar Þorsteins tók Aðalsteinn formaður til máls og lagði áherslu á að arðskrárnefnd væri búin að vinna mikið og gott starf. Það væri lögbundin skylda veiðifélaga að gera arðskrá. Það hefði verið ósk stjórnar veiðifélagsins að hin fyrsta arðskrá myndi aðeins gilda í fimm ár en Fiskistofa hefði metið það óheimilt og að hún yrði að gilda í 8 ár. Aðalsteinn sagði að nú væri útlit fyrir að hægt yrði að senda arðskrána aftur til Fiskistofu endurbætta ásamt nýsamþykktum samþykktum félagsins en þá þyrftu samt að líða tveir mánuðir þar til Fiskistofa gæti staðfest hana. Á þeim tíma hafa félagsmenn rétt til að kæra arðskrána. Komi til þess og fari arðskrárgerðin í matsnefnd mun það hins vegar að líkindum kosta félagið 10-20 m.kr. Og sá kostnaður lendir á félaginu. Formaður sagðist því vonast til að nú væri þetta mál í höfn ef að fundarmenn samþykktu arðskrána.

Grétar Karlsson spurði hvers vegna engin silungsveiði væri skráð á þó nokkrar jarðir. Þorsteinn kvað það vera vegna þess að enginn veiði á silung hefði verið skráð í veiðibækur. Grétar spurði einnig um hvort arðskráin gildi þá svona óbreytt í 8 ár eða hún uppfærðist eitthvað miðað við veiðitölur. Þorsteinn svaraði að hún gildi svona næstu 8 árin en þá yrði hún tekin upp og m.a. þyrfti þá að taka inn í hana þær 2000 einingar sem arðskrárnefnd hefði skilið eftir til að nota í útdeilingu vegna uppeldisskilyrða.

Fundarstjóri bar arðskrána undir atkvæði. Arðskráin var samþykkt samhljóða með handauppréttingu þeirra 22 fundarmanna sem fóru með 50 atkvæði.

10. Önnur mál

a. Þróstur tók til máls og lýsti yfir ánægju við samstarfið við veiðifélagið. Hann sagði í ljósi umræðu um silungsveiði að hann legði mikla áherslu á að öll veiði væri skráð í veiðibækurnar.

b. Skúli Björn tók til máls og sagði að stjórn hefði verið að vinna drög að stefnumiðum fyrir félagið. Hann hefði ætlað að kynna þau á fundinum en nú væri orðið áliðið og því urðu þau sett inn á heimasíðu þar sem félagsmenn gætu gert athugasemdir við þær og send út með fréttabréfi.

c. Aðalsteinn formaður lauk fundinum með þeim orðum að það væri sín von að smátt og smátt yrði meiri sátt innan félagsins og áhugi og virkni hjá sem flestum félagsmönnum. Hann þakkaði mönnum fyrir fundarsetuna og starfsmönnum fundarins fyrir sín störf.

Fundarritara og fundarstjóra falið að ganga frá fundargerð. Fundi slitið kl. 17.48.


Jón Guðmundsson fundarstjóri


Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Skrá yfir atkvæði í Veiðifélagi Jökulsár á Dal á aðalfundi 23. apríl 2017

1. Blöndugerði	Ábúandi	Gestur Hallgrímsson umboð
2. Blöndubakki	Ábúandi	Gestur Hallgrímsson
3. Stóribakki	Landeigandi	Gestur Hallgrímsson umboð
4. Árbakki	Landeigandi	
5. Litli Bakki	Landeigandi	Skúli Björn Gunnarsson umboð
6. Hrærekslækur	Landeigandi	
7. Galtastaðir ytri	Samningur eig.	
8. Geirastaðir II	Landeigandi	Þorsteinn Gústafsson
9. Húsey I	Ábúandi	
10. Húsey II	Ábúandi	
11. Valþjófsstaður	Ábúandi	
12. Aðalból	Ábúendur	Skúli Björn Gunnarsson umboð
13. Vaðbrekka	Ábúandi	Aðalsteinn Sigurðsson
14. Skriðuklaustur	Ábúandi	Hallgrímur Þórhallsson
15. Klaustursel	Landeigandi	Aðalsteinn Jónsson umboð
16. Arnarhóll	Ábúandi	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
17. Merki	Ábúandi	Sólrún Hauksdóttir
18. Arnórsstaðapartur	Landeigandi	Sólrún Hauksdóttir
19. Gauksstaðir	Landeigandi	Benedikt Ólason
20. Mælivellir	Landeigandi	Aðalsteinn Jónsson umboð
21. Skuggahlíð	Landeigandi	Aðalsteinn Jónsson umboð
22. Hnefilsdalur	Landeigandi	Aðalsteinn Jónsson umboð
23. Hnefilsdalur II	Landeigandi	Aðalsteinn Jónsson umboð
24. Smáragrund	Landeigandi	Aðalsteinn Jónsson umboð
25. Skeggjastaðir	Landeigendur	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
26. Refshöfði	Landeigandi	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
27. Teigasel	Teigasel I og II	Aðalsteinn Jónsson umboð
28. Gil	Landeigandi	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
29. Hrúthamrar	Landeigandi	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
30. Hauksstaðir	Landeigandi	Snæbjörn Ólason
31. Hrólfsstaðir	Samningur eig.	Guðmundur Ólason umboð
32. Hvanná I	Landeigandi	Jón Víðir Jónsson
33. Hvanná II	Ábúandi	Agnar Benediktsson
34. Hvanná III	Landeigandi	Jón Víðir Jónsson
35. Hofteigur	Ábúandi	Benedikt Arnórsson
36. Hjarðargrund	Landeigandi	
37. Hjarðarhagi	Landeigandi	Haflíði P. Hjarðar umboð
38. Skjöldólfsstaðir I	Landeigandi	Vilhjálmur Snædal umboð
39. Skjöldólfsstaðir II	Landeigandi	
40. Gilsá	Landeigandi	
41. Arnórsstaðir	Landeigandi	Aðalsteinn Jónsson umboð
42. Arnórsstaðasel	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
43. Langagerði	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
44. Hákonarstaðir I	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
45. Hákonarstaðir II	Landeigandi	Bragi Steinar Björgvinsson umboð
46. Hákonarstaðir III	Landeigandi	Halla Eiríksdóttir umboð
47. Breiðilækur	Landeigandi	Bragi Steinar Björgvinsson umboð
48. Grund	Samningur 3 eig.	Grétar Karlsson umboð
49. Eiríksstaðir	Ábúandi	Bragi Steinar Björgvinsson
50. Brú	Landeigandi	Stefán Halldórsson umboð
51. Laugavellir	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð

52. Eyjasel	<i>Landeigandi</i>	
53. Hólmátunga	<i>Landeigandi</i>	
54. Torfastaðir	<i>Landeigandi</i>	
55. Árteigur	<i>Landeigandi</i>	
56. Hnitbjörg	<i>Landeigandi</i>	
57. Hlíðargarður/Bláeyri	<i>Landeigandi</i>	
58. Hlíðarhús	<i>Ábúandi</i>	
59. Sleðbrjótssel	<i>Landeigendur</i>	
60. Mássel	<i>Landeigandi</i>	Gestur Hallgrímsson umboð
61. Sleðbrjótur I	<i>Landeigandi</i>	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
62. Sleðbrjótur II	<i>Landeigandi</i>	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
63. Breiðamörk I	<i>Landeigandi</i>	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
64. Breiðamörk II	<i>Landeigandi</i>	Þórarinn Hrafnkelsson umboð
65. Surtssstaðir	<i>Landeigandi</i>	
66. Hallgeirsstaðir	<i>Landeigandi</i>	
67. Vörðubrún	<i>Landeigandi</i>	Grétar Karlsson umboð
68. Hrafnabjörg I	<i>Landeigandi</i>	
69. Hrafnabjörg II	<i>Landeigandi</i>	Gestur Hallgrímsson umboð
70. Hrafnabjörg III	<i>Landeigandi</i>	
71. Hrafnabjörg IV	<i>Landeigandi</i>	Rögnvaldur Ragnarsson umboð
72. Fossvellir I	<i>Ábúandi</i>	
73. Fossvellir II	<i>Landeigandi</i>	
74. Selland	<i>Landeigandi</i>	

**Skýrsla stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal
til aðalfundar 23.04 2017.**

Stjórn hélt sjö bókaða fundi á árinu. Verkaskipting óbreytt: Þórarinn gjaldkeri og Skúli Björn ritari sem jafnframt er varaformaður. Vilhjálmur og Bragi meðstjórnendur, einnig var Gestur Hallgrímsson fyrsti varamaður boðaður á alla fundi stjórnar. Helstu mál sem voru á dagsskrá voru eftirfrandi.

1. Arðskrármál

Arðskrárnefnd skilaði af sér á haustdögum fullbúinni arðskrá fyrir allar fasteignir sem eiga að Jökulsá og hliðarám hennar. Var arðskráin lögð fyrir félagsfund 5. nóvember. Var það tillaga stjórnar að gildistími yrði 5 ár. Fiskistofa hafnaði þeim tímamörkum og taldi ekki lagagrunn fyrir skemmri tíma en átta árum. Ekki fékkst nægileg mæting á fundinn 5. nóv. svo boða þurfti til annars fundar 25. nóv., þar sem arðskráin hlaut staðfestingu veiðiréttarhafa. Var arðskráin síðan send Fiskistofu til staðfestingar. Tveggja mánaða kærufrestur er frá samþykkt og var sá tími liðinn 25. jan 2017. Það er síðan með bréfi dagsettu í lok mars sem Fiskistofa hafnar staðfestingu, þar sem ekki er fullt samræmi milli samþykktar og arðskrár. Liggja fyrir þessum fundi bæði breytingar á samþykktum og lagfæring á arðskrá, sem raskar þó að mjög takmörkuðu leyti því sem áður var samþykkt á félagsfundum.

2. Veiðikort

Veiðifélagið fór í útgáfu vandaðra veiðikorta á árinu sem byggð voru á eldri kortagrunni. Haukur Guðmundsson ásamt Skúla Birni unnu þær viðbætur sem nýir veiðistaðir kölluðu á. Kortin voru í tvennu lagi, Jökla I og Jökla II. Uppsetning og útgáfa tóku mið af veiðikortum veiðiaá sem eru víðáttumiklar eins og Jökla. Þau verða endurútgefið í ár.

3. Skilti

Unnið var að gerð skilta til merkingar veiðistaða. Voru keypt merki hönnuð og gerð af þeim hjónum Jóni Björgvin og Lindu í Teigasel. Samið um fast verð 20.000 kr stykkið með öllum frágangi. Sett voru upp sex skilti fyrir síðasta veiðitímabil og áætlað að merkja allt að 25 veiðistaði fyrir veiði þessa árs. Einnig er búið að fjárfesta í álskiltum sem eru í laginu eins og lax til að merkja veiðislóða út af aðalvegum til leiðbeiningar fyrir veiðimenn.

4. Slóðagerð

Sótt var um styrk til Fiskræktarsjóðs til að bæta aðgengi að veiðistöðum. Fékkst úthlutað alls 350.000 kr. og gátu landeigendur sótt um styrki vegna framkvæmda. Unnið var að bættu aðgengi í landi Hjarðarhaga og Teigasels. Alls voru veittir styrkir í þessar lagfæringar upp á 200.000 kr. Eitthvað var um smærri lagfæringar á vegslóðum, en gera þarf aukið átak til að bæta aðgengi. Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar fékkst eina viku sem nýttist að mestu í stígagerð við veiðistaði og að koma fyrir skiltum.

5. Seiðasleppingar og veiði

Alls var sleppt í Jöklu og Fögruhlíðará 33.650 gönguseiðum og 49.000 eins árs seiðum, var dreifing seiðanna var mest á miðsvæði Jöklu. Veiði hófst 1. júlí og var þá genginn lax upp á svæði tvö. Yfirfall kom síðan 22. ágúst. Alls veiddust 484 laxar í Jöklu og þverám hennar, þar af 372 í Jöklu sjálfri. Efsti veiðistaður var í Tregluhyl, í landi Langagerðis og Klaustursels er það fimm km ofar en áður hefur veiðst lax. Kanna þarf betur með veiðistaði utan þess hefðbundna svæðis sem allir veiða á. Þá eru fáir laxar veiddir neðan lands Hallgeirsstaða og eins er lítt kannað svæðið ofan Arnórsstaðahvamms. Nokkuð er um svæði í Jöklu með erfiðu eða engu aðgengi, sökum þess hárra klettaveggja við ána.

6. Veiði á mink

Minkaveiði við ána var á herðum Kjartans í Teigaselí skv. samningi við félagið. 76 minkar drepnir.

7. Landsfundur veiðifélaga

Aðalsteini og Þórarni var falið að mæta á landsfund veiðifélaga sem haldinn var á Bifröst í Borgarfirði á síðasta ári. Hafa vaknað efasemdir um hvort eigi að senda fulltrúa á næsta landsfund sem haldinn verður á Laugarvatni. Þar sem tekjur veiðifélagsins eru ekki miklar og ferða- og gistikostnaður við fund í fjarlægðu héraði töluverður hefur því verið hreyft hvort spara ætti slík útgjöld þetta árið.

8. Fréttabréf

Gefið var út fréttabréf á árinu og sent öllum veiðiréttarhöfum, einnig koma inn á heimasíðu félagsins fundargerðir félagsfunda og það sem frétt næmt telst.

9. Samráðsnefnd veiðifélags Jöklu og Lagarfljóts og fundur með stjórn Hagsmunafélags hluta veiðiréttarhafa neðan steinboga

Fundað var í júní þar sem saman komu stjórnir veiðifélaga við Lagarfljót og Jöklu. Farið yfir þau málefni sem varða félögin sameiginlega. Einnig var rætt við stjórn hagsmunafélags veiðiréttarhafa neðan Steinboga. Á þann fund var boðaður Guðni Magnús Eiríksson hjá Fiskistofu. Hann komst ekki, svo fundurinn varð aðeins spjall milli stjórnar hagsmunafélagsins og Aðalsteins, Skúla Björns og Þorsteins Gústafssonar formanns samráðsnefndar. Engin niðurstaða fékkst úr þessum fundi.

10. Fiskræktaráætlun og stefna veiðifélagsins

Kominn er tími á að endurskoða fiskræktaráætlun og þeirri endurskoðun lokið fyrir sumarið í samráði við leigutaka. Stefnumótun fyrir félagið er í vinnslu og eru drög að stefnumiðum kynnt á þessum aðalfundi.

Hér hafa aðeins verið nefnd þau mál sem mesta umfjöllun hafa hlotið. Þar sem aðeins eru liðin tíu ár frá því að Jökla varð veiðanleg bergvatns á hluta úr árinu, eru margir þættir enn ekki fullljósir varðandi ána sem framtíðar veiðiá. Á hverju ári bætast við veiðistaðir og lax veiðist á stærra svæði. Það er von mín að takist að ljúka gerð arðskrár og við getum búið næstu átta árin við hana án ágreinings. Að þeim tíma liðnum verður vonandi komin meiri þekking á hversu sjálfbær áin verður og hvar bestu uppeldiskilyrðin eru og hvernig veiðisvæði þróast. Leggja þarf áherslu á rannsóknir á botni árinna og mælingar á uppeldiskilyrðum, þannig að þær liggi fyrir að átta árum liðnum, svo byggja megi næstu arðskrá á nákvæmari gögnum. Vonast er til að þar geti veiðifélagið náð samkomulagi við Veiðimálastofnun og Landsvirkjun um að vinna slíkar mælingar samhliða áframhaldandi rannsóknum, en 5 ára samkomulag um rannsóknir á vatnahverfi Jöklu er runnið út.

Að lokum vil ég þakka leigutaka gott samstarf, einnig stjórn og umráðamönnum veiðiréttar við Jökulsá á Dal. Gleðilegt veiðiár.

Fyrir hönd stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal

Aðalsteinn Jónsson formaður

**Veiðifélag
Jökulsár á Dal.
Kt. 61.12.06-0700.**

Ársreikningur 2016.



Skýrsla stjórnar.

Félagið var stofnað árið 2006, til að annast umsýslu með veiðimálum og öðru því viðkomandi, við Jökulsá á Dal.

Á árinu 2016 var unnið að og lokið við gerð arðskrár, sem nú er til meðferðar og endanlegs frágangs. Jafnframt var unnið að gerð veiðikorta, upplýsingaskilta, slóðagerð að helstu veiðistöðum og svo var gert átak í minkaveiði á svæðinu.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu að upphæð kr. 1.643.835 og eigið fé félagsins í árslok var kr. 5.981.535.

Engin laun voru greidd á árinu, en verktakaþjónusta keypt eftir því sem þurfti. Ekki eru gerðar tillögur um útborgun þóknunar til stjórnarmanna og afkoma ársins flutt óráðstöfuð til næsta árs, inná afkomu fyrri ára.

23

Egilsst. ~~27~~ apríl 2017.

Í stjórn veiðifélags Jökulsár á Dal.

Staðlaun Jónsson formatur
Stefi Björn Swarzensson
Vilhjálmur Snædal
Þorgerður Hefskelsson
Þorgerður Þorgerðsdóttir

Til stjórnar í veiðifélagi Jökulsár á Dal.


Undirritaður hefur samið ársreikning þennan eftir bókhaldi félagsins, öðrum gögnum þess og upplýsingum frá stjórn félagsins.

Bókhaldið er fremur fábreytt, en unnið var að ýmsum verkefnum hjá félaginu, eftir því sem félagsfundir og stjórn ákváðu, hverju sinni.

Ársreikningurinn sem er á 6 blaðsíðum, hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahgasreikning og sjóðstreymi, ásamt áritun bókara og er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. des. 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reiknings-skilavenju.

Egilsstöðum ²³ ~~24~~. apríl 2017.



Sigurjón Jónasson.

Egilsstöðum 23. apríl
Áskofunarmenn 2017

Jón Helgason
Arnór Benediktsson

Rekstrarreikningur 2016

Veiðifélag Jökulsár á Dal

Tekjur	2016	2015
Leiga, (veiðifél. Strengir ehf.)	1.874.794	2.931.467
Styrkur, Fiskræktarsjóður	350.000	0
Aðrar tekjur	0	0
Samtals tekjur	2.224.794	2.931.467
Rekstrargjöld	2016	2015
Arðskrárgerð, sérfr.kostn.	2.068.290	0
Arðskrárgerð, annar kostn.	20.000	372.216
Skiltagerð	169.209	0
Veiðikortagerð	167.170	500.000
Styrkveitingar í slóðagerð	200.000	0
Kostn. við minkaveiðar	871.000	0
Útgáfa fréttabréfs	37.041	42.313
Árgj. landssamb. og leyfisgjöld	28.568	23.677
Fundarkostn. Félags- og aðalfundir	252.086	120.291
Bókhald og lögfræðipjónusta	193.092	208.929
Burðargjöld og fleira smálegt	19.592	0
Samtals rekstrarkostn.	4.026.048	1.267.426
Rekstrartap/-hagn. fyrir fjármagnsliði	-1.801.254	1.664.041
Fjárm.tekjur og gjöld		
Vaxtatekjur	199.734	21.949
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	-39.942	0
Vaxtagjöld ársins	-2.373	-871
Fjármagnsliðir samtals:	157.419	21.078
Hagn./-Tap ársins	-1.643.835	1.685.119

Efnahagsreikn. 31.12. 2016

Veiðifélag Jökulsdár á Dal.

Eignir:	2016	2015
Veltufjármunir:		
Bankareikningur nr. 6100	1.242.950	7.625.370
Bankabók nr. 000696	5.000.000	0
Millireikningur í Arion banka hf.	13.000	0
Veltufjármunir samtals	6.255.950	7.625.370
Eignir samtals	6.255.950	7.625.370

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:		
Ógreiddir úthlutaðir styrkir	200.000	0
Ógreitt Logg sf.	60.000	0
Skuld við gjaldkera	14.415	
Skammtímaskuldir samtals	274.415	0
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé 1. jan.	7.625.370	5.940.251
Hagnaður/-tap ársins	-1.643.835	1.685.119
Skattar, útvarpsréttargjald	0	0
Eigið fé samtals	5.981.535	7.625.370
Skuldir og eigið fé samtals	6.255.950	7.625.370

Yfirlit yfir sjóðstreymi árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi		-1.643.835	1.685.119
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		0	0
Veltufé frá (til) rekstrar		-1.643.835	1.685.119
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		0	0
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		274.415	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		274.415	0
Handbært fé frá (til) rekstrar		-1.369.420	1.685.119
Fjármögnunarhreyfingar:			
Kaupverð fastafjármuna		0	0
Ný langtímalán		0	0
Langtímalán, hækkun (lækkun)		0	0
Beinir skattar, útv.r.gjald		0	0
Fjármögnunarhreyfingar		0	0
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		-1.369.420	1.685.119
Handbært fé í ársbyrjun		7.625.370	5.940.251
Handbært fé í árslok		6.255.950	7.625.370

Veiðifélag Jökulsár á Dal - fjárhagsáætlun fyrir árið 2017

lögð fyrir aðalfund 23. apríl 2017

	Áætlun 2017	Raun 2016	Áætlun 2016	
Eigið fé í ársbyrjun	5.981.535	7.625.370	7.625.370 kr	
Tekjur:				
Leigutekjur	2.000.000	1.874.794	3.000.000 kr	Lokafjárhæð ræðst af dagafjölda/yfirfalli Sótt var um styrk í Fiskræktarsjóð v. veiðivega
Aðrar tekjur	350.000	350.000	200.000 kr	
Tekjur alls	2.350.000	2.224.794	3.200.000 kr	
Gjöld:				
Fundakostnaður	120.000	252.086	200.000 kr	Félags- og stjórnarfundir, aðalfundur LSV
Bókhald og lögfræðipjónusta	200.000	193.092	150.000 kr	Ársreikningsgerð o.fl.
Arðskrárgerð				
Sérfræðipjónusta	100.000	2.068.290	1.800.000 kr	Aðkeypt sérfræðivinna v. arðskrár
Annar kostnaður	50.000	20.000	200.000 kr	Útlagður kostn. s.s. akstur v. arðskrárvinnu
Útgáfa og framkvæmdir				
Veiðikort	100.000	167.170	200.000 kr	Prentun o.fl.
Merkingar veiðistaða	600.000	169.209	700.000 kr	Ný veiðistaðaskilti og veiðislóðamerki
Veiðivegir og stígar	500.000	200.000	200.000 kr	Lagfæringar og betrubætur
Minkaveiðar	500.000	871.000		Eyðing vargs við Jökulsá
Annar kostnaður	100.000	85.201	400.000 kr	Fréttabréf, árgjöld LSV, heimasíða o.fl.
Gjöld alls	2.270.000	4.026.048	3.850.000 kr	
Fjármagnstekjur og gjöld	150.000	157.419		
Rekstrarafgangur(halli)	230.000	-1.643.835	-650.000 kr	
Eigið fé í árslok	6.211.535	5.981.535	6.975.370 kr	

TILLAGA UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKT VEIÐIFÉLAGS JÖKULSÁR Á DAL

LÖGÐ FYRIR AÐALFUND FÉLAGSINS 23. APRÍL 2017

NÚGILDANDI SAMÞYKKT

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Jökulsár á Dal.

BREYTINGARTILLÖGUR

(breyting eða viðbót undirstrikuð og útfelling yfirstrikuð)

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Jökulsár á Dal, kt. 611206-0700. Heimili þess og varnarþing er hið sama og heimili formanns.

2. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur jarða og landareigna, sem land eiga að Jökulsá á Dal og þverám hennar svo langt sem þær teljast fiskgengar.

Félagið getur heimilað stofnun deilda á tilteknum hlutum vatnasvæðisins, sem ráðstafa veiði hver á sínu félagssvæði með þeim skilyrðum sem samþykkt eru á félagsfundi þeirrar deildar og staðfest eru af stjórn Veiðifélags Jökulsár á Dal.

Stjórninni er heimilt að innheimta gjald af deildunum til að standa undir rekstri félagsins þó aldrei hærra en 10% af brúttótekjum þeirra, enda liggi fyrir samþykkt aðalfundar um gjalddökuna. Slík samþykkt þarf atkvæði 2/3 fundarmanna til þess að öðlast gildi.

Eftirtaldar jarðir/landeignir eiga aðild að Veiðifélagi Jökulsár á Dal.

Eftirtaldar fasteignir eiga aðild að Veiðifélagi Jökulsár á Dal:

Hróarstunga

Blöndugerði, Blöndubakki, Stóri-Bakki, Árbakki, Litli-Bakki, Hræreklækur, Galtarstaðir ytri, Geirastaðir og Húsey.

Blöndugerði, Blöndubakki, Stóri-Bakki, Árbakki, Stóri-Bakki/Félagsrækt, Litli-Bakki, Hræreklækur, Galtastaðir út, Geirastaðir II, Húsey I, Húsey II.

Jökulsárhlíð

Eyjasel, Hólmatunga, Torfastaðir, Árteigur, Hnitbjörg, Hlíðargarður, Hlíðarhús, Sleðbrjótssel, Másel, Sleðbrjótur, Breiðamörk I, Breiðamörk II, Surtsstaðir, Hallgeirsstaðir, Vörðubrunn, Hrafnabjörg I, Hrafnabjörg II, Hrafnabjörg III, Hrafnabjörg IV, Fossvellir I, Fossvellir II og Selland.

Eyjasel, Hólmatunga, Torfastaðir, Árteigur, Hnitbjörg, Hlíðargarður, Bláeyri, Fagrahlíð, Hlíðarhús, Sleðbrjótssel, Mássel, Sleðbrjótur I, Sleðbrjótur II, Breiðamörk I, Breiðamörk II, Surtsstaðir, Hallgeirsstaðir, Vörðubrunn, Hrafnabjörg I, Hrafnabjörg II, Hrafnabjörg III, Hrafnabjörg IV, Fossvellir I, Fossvellir II, Selland.

Jökuldalur

Aðalból, Vaðbrekka, Skriðuklaustur, Klaustursel, Merki, Arnarhóll, Arnórsstaðapartur, Gauksstaðir, Mælivellir, Skuggahlíð, Hnefilsdalur, Smáragrund, Skeggjastaðir, Refshöfði, Teigasel, Teigasel II, Gil, Hrúthamrar, Hauksstaðir, Hrólfsstaðir, Hvanná I, Hvanná II, Hvanná III, Hofteigur, Hjarðargrund, Hjarðarhagi, Skjöldólfsstaðir I, Skjöldólfsstaðir II, Gilsá, Arnórsstaðir, Arnórsstaðasel, Hákonarstaðir I, Hákonarstaðir II, Hákonarstaðir III, Langagerði, Breiðilækur, Grund, Eiríksstaðir I, Eiríksstaðir II, Brú I, Brú II og Laugavellir.

Um atkvæðisrétt í félaginu fer eftir 40. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Valbjófsstaður, Aðalból, Vaðbrekka, Skriðuklaustur, Klaustursel, Merki, Arnarhóll, Arnórsstaðapartur, Gauksstaðir, Mælivellir, Skuggahlíð, Hnefilsdalur I, Hnefilsdalur II, Smáragrund, Skeggjastaðir, Refshöfði, Teigasel I, Teigasel II, Gil, Hrúthamrar, Hauksstaðir, Hrólfsstaðir, Hvanná I, Hvanná II, Hvanná III, Hofteigur, Hjarðargrund, Hjarðarhagi, Skjöldólfsstaðir I, Skjöldólfsstaðir II, Gilsá, Arnórsstaðir I og II, Arnórsstaðasel, Arnórsstaðir III, Hákonarstaðir I, Hákonarstaðir II, Hákonarstaðir III, Langagerði, Breiðilækur, Grund, Eiríksstaðir, Eiríksstaðir II, Brú I, Brú II og Laugavellir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna.

Því ber einnig að stuðla að góðri nýtingu veiðihlunninda svo að eigendur og samfélagið í heild njóti sem best arðs af þeim.

Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni til deilda félagsins eða með öðrum hætti, í samræmi við samþykkt félagsfundar. Til að slík framkvæmd nái fram að ganga þarf atkvæði 2/3 fundarmanna og skal geta þess í fundarboði að slík ákvörðun liggi fyrir fundinum.

Félaginu ber að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

Deildir félagsins geta ráðstafað veiði hver á sínu svæði í umboði stjórnar, sbr. 2. gr. og félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm manns og er kjörtímabil þrjú ár, þó þannig að þegar kosið er í fyrsta sinn eftir lögum þessum skal formaður kosinn til þriggja ára, tveir meðstjórnendur til tveggja ára og tveir meðstjórnendur til eins árs. Í deildum félagsins skulu stjórnarmenn vera 2-5.

Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra landeigenda/ábúenda sem getið er í 2. gr.

Félagið er aðili að samstarfsnefnd veiðiréttareigenda við Lagarfljót og Jökulsá á Dal (áður Veiðifélags Fljótsdalshéraðs) og eru kjörnir stjórnarmenn hverju sinni jafnframt fulltrúar í þeirri nefnd.

Formaður er kosinn á aðalfundi, en að öðru leyti skipta stjórnarmenn með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrr störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

6. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum.

Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur hver félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

7. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyld er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarþátttöku og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

8. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess bréflega og tilgreinir fundarefnið.

Aðalfund skal halda fyrir 1. júní ár hvert....

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
4. Fjárhagsáætlun næsta árs.
5. Breytingar á samþykktum félagsins ef fyrir liggja.
6. Kosning stjórnar og skoðunarmanna, sbr. 4. gr.
7. Ráðstöfun veiðiréttar.
8. Önnur mál.

Á fundum hvort sem er aðalfundum eða aukafundum skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

10. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Arðskrá skal vera deildaskipt og skal veiðifélagið taka saman arðskrár deilda félagsins og birta í Stjórnartíðindum.

Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Kostnað af starfsemi félagsins skulu félagsmenn greiða í því hlutfalli sem þeir taka arð.

11. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fundur í arðskrárnefnd hinn 10. apríl 2017 að Kaupvangi 6, Egilsstöðum.

Mættir: Þorvaldur P. Hjarðar, Lárus Dvalinsson, Gestur J. Hallgrímsson og Þorsteinn P. Gústafsson.

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á arðskrá Jökulsár á Dal á fundi nefndarinnar:

1. Jarðirnar Valþjófsstaður, Aðalból og Laugavellir sem eiga land (bakka) að Jökulsá á Dal neðan Háslóns fá samtals 8 einingar sem skiptast í hlutfalli við bakkalengd þeirra þannig að Valþjófsstaður fær 0,27 ein., Aðalból 4,89 ein. og Laugavellir 2,83 ein.
2. Allar aðrar jarðir í arðskránni lækka um 0,001% eða sem nemur þessum átta einingum.
3. Í stað Hlíðargarðs sem fellur út, koma Bláeyri og Fagrahlíð.
4. Þar sem jarðir eru með óskipt útland skiptist arður jafnt á milli þeirra ef ekki liggja fyrir upplýsingar um aðra skiptingu (Brú I og II, Fossvellir I og II, Hnefilsdalur I og II, Breiðamörk I og II, Sleðbrjótur I og II og Húsey I og II).
5. Arðskráin tekur ekki til úthlutunar arðs vegna svæða þar sem deildir félagsins ráðstafa veiði (Laxá, Kaldá).
6. Arðskrárnefnd áskilur sér rétt til að hnika til aukastöfum í endanlegri gerð arðskrárinnar.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði Þorsteinn P. Gústafsson

Þorsteinn P. Gústafsson

Lárus Dvalinsson

Gestur J. Hallgrímsson

Þorvaldur P. Hjarðar

ARÐSKRÁ FYRIR VEIÐIFÉLAG JÖKULSÁR Á DAL - LÖGÐ FYRIR AÐALFUND 23. APRÍL 2017

Raðnr.	Heiti	Landnr.	Bakkalengd	Hliðarár	Silungur	Lax	Einingar
1	Valbjófsstaður	156972	0,28	0	0	0	0,28
2	Aðalból	156886	4,89	0	0	0	4,89
3	Laugavellir	156919	2,83	0	0	0	2,83
4	Brú 1	156892	21,250	26,500	12,700	0,000	60,39
5	Brú 2	210141	21,250	26,500	12,700	0,000	60,39
6	Eiríksstaðir	156893	81,400	0,000	32,000	0,000	113,29
7	Grund	156899	24,200	0,000	0,000	0,000	24,18
8	Breiðilækur	156891	20,300	0,000	0,000	0,000	20,28
9	Hákonarstaðir 1	156901	12,500	0,000	8,200	0,000	20,68
10	Hákonarstaðir 2	156902	12,500	0,000	8,200	0,000	20,68
11	Hákonarstaðir 3	156903	12,500	0,000	8,200	0,000	20,68
12	Langagerði	156918	32,000	0,000	0,000	0,000	31,97
13	Arnórsstaðir 3	156890	28,600	0,000	16,400	7,500	52,45
14	Arnórsstaðir 1 og 2	156889	34,600	15,400	36,900	15,500	102,30
15	Gilsá	156898	16,400	15,400	2,500	0,000	34,27
16	Skjöldólfsstaðir 2	156930	12,500	0,000	1,600	0,000	14,09
17	Skjöldólfsstaðir 1	156929	46,400	11,400	22,400	77,000	157,04
18	Hjarðarhagi	156909	72,700	38,700	43,700	9,200	164,14
19	Hjarðargrund	156908	16,100	5,800	0,000	0,000	21,88
20	Hofteigur	156912	73,100	42,000	25,400	114,900	255,14
21	Hvanná 2	156915	30,600	4,600	14,800	54,000	103,90
22	Hvanná 1	156914	25,300	1,000	3,700	13,200	43,16
23	Hvanná 3	209254	25,300	1,000	3,700	13,200	43,16
24	Hauksstaðir	156906	50,600	0,200	26,200	594,300	670,63
25	Hrólfstaðir	156905	37,600	0,000	1,600	24,100	63,24
26	Selland	156874	45,600	0,000	4,900	178,500	228,77
27	Fossvellir 1	156854	20,850	12,700	12,700	69,550	115,68
28	Fossvellir 2	156857	32,950	12,700	12,700	69,550	127,77
29	Hrafnabjörg 1	157867	15,300	7,100	4,300	53,400	80,02
30	Hrafnabjörg 2	156868	14,200	6,600	4,000	49,700	74,43
31	Hrafnabjörg 3	156869	7,100	3,300	2,000	25,000	37,36
32	Hrafnabjörg 4	156870	18,300	8,500	5,200	63,900	95,80
33	Hallgeirsstaðir	156860	37,300	10,600	13,100	481,200	541,66
34	Vörðubrún	156885	18,600	5,300	6,600	240,600	270,83
35	Surtsstaðir	156882	44,100	0,000	0,000	1,100	45,15
36	Breiðamörk 1	156849	25,000	0,000	0,000	0,000	24,98
37	Breiðamörk 2	156850	25,000	0,000	0,000	0,000	24,98
38	Sleðbrjótur 1	156878	22,800	16,700	79,900	0,000	119,28
39	Sleðbrjótur 2	156881	22,800	16,700	79,900	0,000	119,28
40	Hlíðarhús	156864	18,300	33,400	159,800	0,000	211,29

41	Fagrahlíð	156852	15,950	0,000	0,000	0,000	15,93
42	Bláeyri	202624	15,950	0,000	0,000	0,000	15,93
43	Hnitbjörg	156865	19,600	0,000	0,000	0,000	19,58
44	Árteigur	156846	15,000	0,000	0,000	0,000	14,99
45	Torfastaðir	156884	15,900	0,000	0,000	0,000	15,88
46	Hólmátunga	156866	37,500	0,000	0,000	0,000	37,46
47	Eyjasel	156851	52,100	0,000	0,000	0,000	52,05
48	Vaðbrekka	156935	47,100	67,100	22,100	0,000	136,16
49	Skriðuklaustur	156968	87,000	33,900	32,000	0,000	152,75
50	Klaustursel	156917	88,000	11,100	24,600	0,000	123,58
51	Arnarhóll	156887	10,700	0,000	0,000	0,000	10,69
52	Merki	156920	32,900	0,000	47,500	14,900	95,20
53	Arnórsstaðapartur	156888	19,400	0,000	0,000	0,000	19,38
54	Gauksstaðir	156896	145,200	0,000	54,400	89,700	289,01
55	Skuggahlíð	156931	65,400	5,700	10,700	25,300	106,99
56	Mælivellir	156921	2,800	5,700	0,800	9,200	18,48
57	Hnefilsdalur 1	156910	15,100	4,750	9,850	29,300	58,94
58	Hnefilsdalur 2	203070	15,100	4,750	9,850	29,300	58,94
59	Smáragrund	156932	5,400	3,800	0,000	0,000	9,19
60	Skeggjastaðir	156928	54,300	6,400	24,600	123,000	208,09
61	Refshöfði	156927	35,300	2,900	0,800	2,300	41,26
62	Teigasel 1	156934	20,400	2,900	0,000	2,300	25,57
63	Teigasel 2	173248	18,200	3,000	26,200	592,000	638,76
64	Gil	156897	61,800	4,900	6,600	25,300	98,50
65	Hrúthamrar	156913	29,800	2,000	0,000	177,400	208,99
66	Blöndugerði	157139	44,200	3,200	6,600	22,200	76,12
67	Blöndubakki	157138	38,000	1,100	13,700	110,300	162,94
68	Stóri Bakki	157171	2,100	0,500	6,800	55,200	64,54
69	Árbakki	157137	13,200	1,100	13,700	110,300	138,16
70	Stóri Bakki félagsrækt	208345	12,800	0,500	6,800	55,200	75,22
71	Litli Bakki	157166	76,600	0,000	13,100	370,100	459,34
72	Hrærekslækur	157157	49,400	3,200	1,600	1,100	55,24
73	Galtastaðir út	157160	97,800	3,200	1,600	0,000	102,50
74	Geirastaðir 2	157147	13,100	6,400	0,000	0,000	19,48
75	Húsey 1	157158	75,450	0,000	0,000	0,000	75,37
76	Húsey 2	157159	75,450	0,000	0,000	0,000	75,37
Samtals							7999,8